



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Leikskóli Skólatröð

Tillaga að deiliskipulagi

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

Kópavogi 1. júní 2023 Umhverfissvið – skipulagsdeild
Samþykkt í skipulagsráði 5. júní 2023
Samþykkt bæjarstjórn 13. júní 2023
málsnr. 2208241

1) Forsendur

Forsendur og markmið

Fyrirhugað er að reisa nýjan leikskóla við Skólatröð á lóð þar sem leikskólarekstur hefur verið í árabíl. Eldri bygging hefur verið fjarlægð og nú stendur til að byggja upp þriggja deilda leikskóla á lóð þar sem áður var tveggja deilda leikskóli. Í nýju deiliskipulagi mun heiti leikskólalóðar verða Skólatröð 2a (áður Vallartröð 12a) þar sem aðkoma er ráðgerð frá Skólatröð.

Áhersla er lögð á að uppbyggingin á lóðinni geri svæðið að skemmtilegum áfangastað fyrir hverfið eftir opnunartíma leikskólans. Að mati menntasviðs býður nálægð leikskólans við Kópavogsskóla upp á möguleika um samstarf.


Ekki er til deiliskipulag fyrir þennan reit og er því um að ræða nýtt deiliskipulag. Svæðið er í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 skilgreint sem samfélagsþjónusta (S-6). Samkvæmt aðalskipulaginu segir: Á reitnum er/verður leikskóli en breytingar á húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónusta eru heimilar.

Deiliskipulagstillagan styður markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2022 um að tryggja skuli jafnt aðgengi allra að leikskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar og að vinna skuli markvisst að metnaðarfullu og framsæknu leikskólastarfi þar sem velferð barna og starfólks er í fyrirrúmi.

Afmörkun deiliskipulagssvæðis. Til vesturs og norðurs er svæðið afmarkað raðhúsalóðum við Vallartröð og Álfhólsveg. Í austur afmarkast svæðið af raðhúsalóðum sem standa við Skólatröð. Í suður afmarkast svæðið af bæjarlandi.



Núverandi staða á lóðinni - Loftmynd



Deiliskipulagstillaga 1:1000

Úr auglýstri deiliskipulagstillögu.

Núverandi staða, byggingarreitur og fjarlægðir

„Leikskólabyggingin sem stóð á lóðinni hafði ekki að mati skipulagsdeildar varðveislugildi (gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð um húsakönnun) og hefur verið rifin vegna lélegs ástands og myglu.

Lóðin hallar nokkuð frá suðri til norðurs. Staðsetning byggingar verður vestan til á lóðinni til þess að tryggja sólríkt leiksvæði fyrir börnin en jafnframt til þess að tryggja að umliggjandi lóðir verði fyrir sem minnstu skuggavarp. Vestan leikskólalóðarinnar eru bílskúrar sem tilheyra Vallartröð 2-12 (húsnúmerum 12 og 4 skv. mælibleði) byggðir að lóðarmörkum.

Bílskúramir við Vallartröð eru í u.þ.b. 3 metra fjarlægð frá byggingarreit leikskólans. Skv. aðaluppdráttum þá eru þeir skúrar staðsteyptir, einangraðir að innan án opnana á austurhlið að leikskóla en gluggar eru á bílskúrum til suðurs (og til vesturs skv. teikn) og bílskúrshurð(ir) til norðurs. Gerðar verða ráðstafanir við aðalhönnun til varnar útbreiðslu elds frá aðliggjandi byggingum á lóðarmörkum – m.a. verða takmarkaðar opnanir á vesturgafli fyrirhugaðs leikskóla að bílskúr og óbrennanlegar klæðningar.

Skólatröð 11 er í u.þ.b. 17 metra fjarlægð frá byggingarreit leikskóla. Skv. aðaluppdráttum er húsið steipt hús og án opnana á gafli að leikskólalóð.“

2) Ferill máls

Skipulagslýsing – samþykkt að kynna

19. september 2022. Skipulagsráð samþykkti að kynna skipulagslýsingu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Bæjarráð á 3100. fundi sínum 22. september 2022 vísaði afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn á 1263. fundi sínum 27. september 2022 staðfesti afgreiðslu skipulagsráðs.

Skipulagslýsing kynnt/auglýst og kynningarfundur/opið hús

1. til 27. október 2022. Skipulagslýsing kynnt og auglýst 1. október 2022. Fréttablaðið 1. okt. 2022 og vefur Kópavogs. Skipulagslýsingin var aðgengileg á vef Kópavogs. Kynningartími 1. til 27. október 2023. Kynningarfundur / opið hús miðv. 19. október kl. 17-18 á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem lýsingin var kynnt þeim sérstaklega sem þess óskuðu. Athugasemdafrestur til 27. október 2022 kl. 15:00.

Athugasemdir og umsagnir við skipulagslýsingu bárust frá deildarstjóra leikskóladeildar Kópavogs, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Gb., Hfj., Kópav., Mos., Selstj., Jóhanni Má Sigurbjörnssyni, Birni H. Skúlasyni f.h. húsfélagsins að Álfrólsvægi 6-10A.

Nóvember - samþykkt að hefja vinnu við gerð deiliskipulags

14. nóvember 2022. Skipulagsráð samþykkti á grundvelli skipulagslýsingar og þeirra athugasemda og umsagna sem bárust á kynningartíma láta hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir leikskóla við Skólatröð. Úrvinnsla tillögu. Breytt tillaga þrjár deildir í stað fjögurra áður. Bygging minni.

Desember - samráð

7. desember 2022. Samráðsfundur með íbúum. Bréf/boð á fund sent til hlutaðeigandi. Úrvinnsla tillögu.

Desember 2022 - janúar 2023 - Tillaga að deiliskipulagi – samþykkt að auglýsa

19. desember 2022 til 10. janúar 2023. Tillaga að deiliskipulagi. Skipulagsráð samþykkti á 134. fundi ráðsins, 19. desember 2022 með með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að að framlögð tillaga að deiliskipulagi verði auglýst. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Bæjarráð á 3112. fundi sínum 22. desember 2022 vísaði afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn á 1270. fundi sínum 10. janúar 2023 staðfesti afgreiðslu skipulagsráðs – um að auglýsta tillöguna.

Febrúar 2023

Samráðsfundur 22. febrúar 2023. Skólatröð 1-11. Bréf/boð á fund sent til hlutaðeigandi. Samráð, kynning. Fundað með íbúum um deiliskipulagstillögu og framkvæmd í framhaldi – m.a. vegna lagna. Aðilar frá Skólatröð 1, 7 og 9 mættu á fundinn.

Mars 2023 - Tillaga auglýst

2. mars 2023 er tillaga auglýst í Fréttablaðinu og á vefsíðu Kópavogs.

6. mars 2023 auglýsing birt í Lögbirtingablaðinu.

Athugasemdir skulu berast eigi síðar en 19. apríl 2023.

Apríl 2023 – Athugasemdir berast

Athugasemdir bárust frá íbúum að Vallartröð 4, 10 og 12.

Mái 2023 – samráð

22. maí 2022. Samráðsfundur með íbúum. Bréf/boð á fund sent til hlutaðeigandi. Úrvinnsla athugasemda /umsögn skipulagsdeildar (umsögn þessi), gögn uppfærð.

Júní 2023 – afgreiðsla

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma barst eitt athugasemdabréf undirritað af 5 aðilum í Vallartröð 4, 10 og 12 samanber eftirfarandi. Sjá einnig fylgiskjal 4.

1. Ólafur Oddbjörnsson, Vallartröð 12, 200 Kópavogi
2. Guðlaug Stella Jónsdóttir, Vallartröð 12, 200 Kópavogi.
3. Edda Guðrún Sigvaldadóttir, Vallartröð 10, 200 Kópavogi.
4. Sverrir Freyr Guðjónsson, Vallartröð 4, 200 Kópavogi.
5. Sonja Lind Ísfeld Víðisdóttir, Vallartröð 4, 200 Kópavogi.

1.1 Athugasemdir um kvaðir er varða aðkomu að svæðum/lóðum

- Veggir bílskúra Vallartraðar 4 og 12 liggja á lóðarmörkum leikskólans. Bent er á að það sé óhæft annað en eigendum bílskúra sem liggja þétt að lóðarmörkum leikskólalóðar verði tryggt aðgengi vegna viðhalds. Gerð er athugasemd við að ekki sé kvöð um aðkomu lóðarhafa um aðgengi að bílskúrum vegna viðhalds.
- Á leikskólalóð er kvöð um aðkomu að baklóðum Álfhólsvegar 6-10a. Í athugasemdum kemur fram að talið er að til að komast að umræddum baklóðum verði íbúar að fara um Vallartröð annars vegar og/eða Skólatröð hins vegar. Talið er að með þessu sé Kópavogur að beina umferð ótengdra um einkalóðir annarra án samþykkis eigenda að Vallartröð 2-12 og/eða Skólatröð 1-11. Gerð er krafa um þessi kvöð verði felld niður nema Kópavogsbær tryggi aðkomu að þessu svæði í gegnum leikskólalóðina.

Umsögn 1.1

- Lagt er til að kvöð verði sett á leikskólalóð um aðgengi að bílskúrsveggjum Vallartraðar 4 og 12 alla jafna eftir lokun leikskólans og/eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni.
- Lagt er til að þjónustusvæði verði á milli bílskúra og leikskóla. Sjá einnig fylgiskjöl 1 og 2.
- Gert er ráð fyrir að aðkoma að baklóðum Álfhólsvegar 6-10A verði alla jafna eftir lokun leikskólans og/eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni – ekki er gert ráð fyrir aðkomu ökutækja. Sjá einnig fylgiskjöl 1 og 2.

1.2 Athugasemd um nálægð leikskólalóðar við bílastæði íbúa.

- Bent er á að þar sem leikskólalóð liggur að bílastæðum framan við bílskúra Vallartraðar 4 og 12 (við norðvesturhorn lóðarinnar) verði að tryggja að leikskólabörn geti ekki unnið skemmdir á ökutækjum. Eigendur hafa nú þegar orðið fyrir skemmdum á ökutækjum vegna grjótkasts leikskólabarna sem Kópavogsbær hefur neitað að bæta. Gerð er krafa um að bærinn tryggi öryggi ökutækja á þessu svæði með hárrí girðingu.



Umsögn 1.2

- Ekki er gert ráð fyrir kvöð um aðkomu að/frá Vallartröð né Skólatröð að/frá lóð leikskólans. Sjá einnig umsögn 1.1 hér að framan um m.a. aðkomu að baklóðum Álfhólsvegar 6-10A.
- Ekki er gert ráð fyrir mól eða grjóti á svæði/þjónustusvæði á milli bílskúra Vallartraðar 12 og 4 og leikskóla.
- Endurnýja þarf girðingu umhverfis lóðina. Gert er ráð fyrir að girðing verði um 1,2 m að hæð.

1.3 Athugasemdir varðandi girðingu á lóðarmörkum

- Vakin er athygli á að í núverandi girðingu leikskólans er hlið inn á einkalóðir bæði Vallartraðar 2-12 og Skólatraðar 1-11. Talið er algjörlega óásættanlegt að bærinn sé með hlið af leikskólalóð yfir á einkalóðir annarra.

Umsögn 1.3

- Sjá umsögn 1.2 hér að framan.

1.4 Nálægð leikskólabyggingar við núverandi bílskúra


- Talið er að nálægð leikskólabyggingar við núverandi bílskúra sé með öllu óásættanleg og með öllu óskiljanleg og bent á að nóg pláss sé sé fyrir leikskólabygginguna austar á lóðinni.

Umsögn 1.4


- Meðal annars til að nýta lóðina sem best fyrir leiksvæði og leikskólabörn var byggingin staðsett vestarlega á lóðinni. Sjá einnig umsagnir 1.5, 1.3, 1.2 og 1.1.

1.5 Athugasemdir eigenda bílskúra

- Eigendur bílskúra gera athugasemd við eftirfarandi.
 - o „Mikil takmörkun á birtu inn um glugga á suðurhlíð bílskúra vegna nálægðar og hæða á leikskólamannvirkinu sem gnæfir yfir bílskúra. Ef þetta verður að veruleika mun aldrei gæta sólar aftur inni í bílskúrum sem oftast en ekki er breytt í íbúðarhúsnæði, enda stórir og rúmgóðir.“



- o „Mjög aukin hætta á innbrotum og skemmdum á bílskúrum sem núna enda inni í lokuðu skoti sem myndast milli bílskúra og leikskólamannvirkis.“
- o „Brunahætta milli mannvirkja þar sem gluggar eru á allri norðurhlíð bílskúra“ (ábending líklega er átt við suðurhlíð)
- o „Þá myndast ónothæft svæði á þröngu bilinu milli bílskúra og leikskólamannvirkis vegna vindganga sem myndast í þröngingunni. Þessi vindgöng munu hafa áhrif á notagildi garða norðan við hús Vallartraðar 10 og 12.“



Auglýst tillaga


„Því er niðurstaða okkar að í núverandi tillögu sé ekki tekið tillit til þeirra mannvirkja sem liggja þétt upp að lóðarmörkum leikskólalóðar á meðan eftirfarandi er haldið fram í greinargerðinni:

Að öllu samanlögðu er deiliskipulagið talið hafa jákvæð áhrif á **samfélag** með auknu framboði af leikskólaplássum. Tekið hefur verið tillit til áhrifa á umhverfið vegna **skuggavarfs**, **sólar** og **skjólis** við val á staðsetningu byggingarreits, hæðar mannvirkis og útfærslu á lóð. Hugað er að aðkomu slökkviliðs sem hefur jákvæð áhrif á **öryggi**. Nýr leikskóli í nálægð við ný íbúahverfi mun ýta undir umferð gangandi sem hefur jákvæð áhrif á **umferð**. Áhrif á **minjar** eru engin.

Umsögn 1.5

- Bent er á að snið á uppdrætti sýnir hámarkshæð mænis byggingar eða 5,5 m. Fram kemur að þak skal vera með að lágmarki 10° halla. Byggingin verður alla jafna lægri en hæsti punktur. Sjá einnig skýringarmynd á deiliskipulagsuppdrætti.
- **Bent er sérstaklega á að ekki er gert ráð fyrir að bílskúrum verði breytt í íbúðir /íbúðarhúsnæði.**

- Gerðar verða ráðstafanir í aðalhönnun til varnar útbreiðslu elds. Brunavarnir verða ákvarðaðar á grundvelli brunahönnunar.
- Lagt er til að þjónustusvæði verði skilgreint á milli bílskúra og leikskóla.
- Skoðað verði nánar hvort hætta sé á vindgöngum á milli húsa. Ef svo reynist verði kannaðir möguleikar á að minnka streng t.d. með grindum, frágangi á girðingu eða byggingu, gróðri o.fl.
- Lögð verður áhersla á öryggi á leikskólalóðinni allri.
- Sjá einnig umsagnir 1.4, 1.3, 1.2 og 1.1 hér að framan – sjá einnig fylgiskjöl 1 og 2.



Auglýst tillaga

2) Samantekt og niðurstaða umsagnar

Samráðsfundur var haldinn með aðilum sem sendu inn athugasemdir þann 22. maí sl. samanber minnisblað fundar.

Lagt er til að kvöð verði um aðgengi að bílskúrsveggjum Vallartraðar 4 og 12 alla jafna eftir lokun leikskólans og/eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni.

Lagt er til að þjónustusvæði verði skilgreint á milli bílskúra og leikskóla, Sjá einnig fylgiskjöl 1 og 2.

Skoðað verði nánar hvort hætta sé á vindgöngum á milli húsa. Ef svo reynist verði kannaðir möguleikar á að minnka streng t.d. með grindum, frágangi á girðingu og/eða byggingu, gróðri o.fl.

Gert er ráð fyrir að aðkoma að baklóðum Álfhólsvegur 6-10A verði alla jafna eftir lokun leikskólans og/eða samkvæmt samkomulagi hverju sinni – ekki er gert ráð fyrir aðkomu ökutækja. Sjá einnig fylgiskjöl 1 og 2.

Ekki er gert ráð fyrir mól eða grjóti á svæði/þjónustusvæði á milli bílskúra Vallartraðar 12 og 4 og leikskóla.

Endurnýja þarf girðingu umhverfis lóðina. Gert er ráð fyrir að girðing verði um 1,2 m að hæð.

Aðkoma að leikskólanum er um botnlanga frá Skólatróð sunnan leikskólalóðarinnar. Á það einnig við um aðkomu slökkviliðs.

Bent er sérstaklega á að ekki er gert ráð fyrir að bílskúrum verði breytt í íbúðir /íbúðarhúsnæði.

Gerðar verða ráðstafanir í aðalhönnun til varnar útbreiðslu elds. Brunavarnir verða ákvarðaðar á grundvelli brunahönnunar.


Bent er á að snið á uppdrætti sýnir hámarkshæð mænis byggingar eða 5,5 m. Fram kemur að þak skal vera með að lágmarki 10° halla. Byggingin verður alla jafna lægri en hæsti punktur. Sjá einnig skýringarmynd á deiliskipulagsuppdrætti.

Lögð verður áhersla á öryggi á leikskólalóðinni allri. Ekki er gert ráð fyrir mól eða grjóti á svæði/þjónustusvæði á milli bílskúra Vallartraðar 12 og 4 og leikskóla.

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði uppfærð með hliðsjón af umsögn þessari. Það er mat skipulagsdeildar að tekið hafi verið tillit til athugasemda varðandi atriði sem metin voru réttmæt og/eða íþyngjandi og að tillagan hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif.

Fylgiskjal 1 - Úr auglýstri deiliskipulagstilögu




Fylgiskjal 2 – Tillaga að upp færslu – þjónustusvæði milli bílskúra og leikskóla



Fylgiskjal 3 - Mæliblað

Mæliblað, Vallartröð 2-12



Mæliblað. Álfhólsvegur 10B, 12, 12A, 14, 14A, 14B, Skólaltröð 1, 1B, 3,5,7,9,11



Fylgiskjal 4 - Athugasemdir við auglýsta tillögu

Athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi

Leiskóli við Skólatróð

Auglýst er eftir athugasemdum milli 02.03.2023 og 19.04.2023 vegna breytinga á deiliskipulagi „Leiskóli við Skólatróð“.

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmael/skipulag-i-kyrningu/leiskoli-vid-skolatrod>


Við gerum eftirfarandi athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi – „Leiskóli við Skólatróð“:

- Ekki er kvæð á leiskólalóð um aðkomu eigenda bílskúra við norðvestur horn leiskólalóðar sem tilheyrir Vallartröð 4 og 12 vegna viðhalds þeirra. Það er óhæft annað en eigendum bílskúra sem liggja þétt að lóðarmörkum leiskólalóðar verði tryggð aðgengi vegna viðhalds.
- Þá er svæði á norðurhluta leiskólalóðar núna með kvæð um aðkomu frá baklóðum Álfhólsvégs 6-10a, þetta svæði með kvæð á sér enga aðkomu nema gegnum einkalóðir Vallartröð 2-12 og Skólatraðar 1-11 og með þessari aðgerð er Kópavogsbær að beina umferð ótengdra um einkalóðir annarra í án samþykkis eigenda eigna við Vallartröð 2-12 og Skólatróð 1-11. Við gerum því kröfu um að þessi kvæð verði felld niður nema Kópavogsbær tryggi aðkomu að þessu svæði í gegnum lóð sína (leiskólalóðina).
- Þar sem leiskólalóð liggur að bilastæðum framan við bílskúra Vallartröð 4 og 12 (við norðvestur horni leiskólalóðar) verður að tryggja að leiskólaborðn geti ekki unnið skemmdir á ökutækjum. Eigendur hafa nú þegar orðið fyrir skemmdum á ökutækjum vegna grjótkasts leiskólaborðna sem Kópavogsbær hefur neitað að bæta. Nú þegar Kópavogsbær veit af vandamálinu gerum við kröfu um að bærinn tryggi örutækja á þessu svæði með hári lokaðri girðingu.



Ef Kópavogsbær bregst ekki við þrátt fyrir að vita af vandamálinu munu eigendur í framtíðinni gera kröfu um bætur vegna skemmda úr hendi Kópavogsbæjar.

- Í núverandi girðingu leiskólans er hlið inn á einkalóðir bæði Vallartröð 2-12 og Skólatraðar 1-11. Við teljum óeðlilegt og algjörlega óásættanlegt að bærinn sé með hlið af leiskólalóð sinni yfir á einkalóðir annarra.
- Nálægð leiskólamannvirkis við núverandi bílskúra er með öllu óásættanleg og með öllu óskiljanleg þegar nóg pláss er fyrir leiskólamannvirkid austur á lóðinni. Eigendur bílskúra gera athugasemdir við eftirfarandi
 - Mikil takmörkun á birtu inn um glugga á suður hlið bílskúra vegna nálægðar og hæðar á leiskólamannvirkinu sem gnæfir yfir bílskúra. Ef þetta verður að veruleika mun aldrei gæta sólar aftur inni í bílskúrum sem oftar en ekki er breytt í íbúðarhúsnæði, enda stórir og rúmgóðir.



- Mjög aukin hættu á innbrotum og skemmdum á bílskúrum sem núna enda inni í lokuðu skoti sem myndast milli bílskúra og leiskólamannvirkis
- Brunahættu milli mannvirkja þar sem gluggar eru á allri norðurhlíð bílskúra.
- Þá myndast ónothæft svæði á þröngu bilinu milli bílskúra og leiskólamannvirkis vegna vindganga sem myndast í þrengingunni. Þessi vindgögn munu hafa áhrif á notagildi garða norðan við hús Vallartröð 10 og 12.



Það er því niðurstaða okkar að í núverandi tillögu sé ekki tekið neitt tillit til þeirra mannvirkja sem liggja þétt upp að lóðarmörkum leiskólalóðar á meðan eftirfarandi er haldið fram í greinargerðinni:

Að öllu samanlögðu er deiliskipulagið talið hafa jákvæð áhrif á samfélag með auknu framboði af leiskólaplássum. Tekið hefur verið tillit til áhrifa á umhverfið vegna skuggavarpis, sólar og skjóls við val á staðsetningu byggingarreits, hæðar mannvirkis og útfærslu á lóð. Hugað er að aðkomu slökkviliðs sem hefur jákvæð áhrif á öryggi. Nýr leiskóli í nálægð við ný íbúðarverfi mun ýta undir umferð gangandi sem hefur jákvæð áhrif á umferð. Áhrif á minjar eru engin.

Með þökk,

Ólafur Oddbjörnsson kt. 310380-3509

Guðlaug Stella Jónsdóttir kt. 300180-5749

Vallartröð 12, 200 Kópavogi

Edda Guðrún Sigvaldadóttir kt. 270978-5769

Vallartröð 10, 200 Kópavogi

Sverrir Freyr Guðjónsson kt. 260990-2419

Sonja Lind Ísleif Víðisdóttir kt. 080791-3449

Vallartröð 4, 200 Kópavogi